

VE

Útskriftarræða laugardaginn 8. febrúar 2014

Ágætu útskriftarnemendur, aðrir Bifrestingar og gestir.

Við samgleðjumst í dag þeim nemendum sem nú útskrifast úr námi sínu hér í Háskólanum á Bifröst. Við óskum þeim til hamingju með áfangann og óskum þeim góðs gengis hvort heldur sem leiðin liggur til frekara náms eða inn í annan farveg til móts við nýjar áskoranir í lífi og starfi. Við hér á Bifröst þökkum þeim samfylgdina sem hverfa á braut og hlökkum til að vinna áfram með þeim sem halda áfram hér í skólanum.

Útskriftardagurinn er dagur gleðinnar og stoltsins af farsælum verklokum, dagur nýrra markmiða og nýrra væntinga. Fátt er eins gefandi og að hafa lagt á sig við nám og uppskorið af því, bætt við sig þekkingu og getu til að takast á við ný og krefjandi verkefni. Það sem maður öðlast í náminu verður ekki af manni tekið ólíkt við svo margt annað sem við komumst yfir. Það er einungis maður sjálfur sem getur kastað frá sér þekkingu sinni, þroska og visku.

Útskriftardagurinn á líka að vera dagur auðmýktarinnar, dagurinn sem við lofum sjálfum okkur því að byggja ofan á það sem við höfum öðlast. Hluti af náminu og

Þekkingarleitinni sem fram fer hér á Bifröst er að gera sér grein fyrir takmörkum þess sem maður veit. Þótt við lærum mikið eigum ótrúlega mikið ólært. Landamæri þekkarinnar eru reyndar alltaf að færast út. Nýjungarnar eru óstöðvandi og við þurfum sífellt að búa okkur undir og tileinka okkur ný vinnubrögð, nýja tækni og nýja siði.

Við verðum að skilja að í Háskólanum á Bifröst er eitt helsta verkefni okkar að læra að læra. Þess vegna notum við kennsluaðferðir sem byggja mikið á verkefnavinnu og hópvinnu. En af hverju þurfum við að byggja ofan á það sem við höfum öðlast? Jú, vegna þess að við viljum vera fagfólk, fólk með metnað og fólk trútt sjálfum okkur. Ekki fúskarar. Við þurfum að læra hvað við vitum lítið og gæta þess vandlega að fúska ekki með það litla sem við vitum. Það er ótrúlegt hvað mörg tækifæri gefast í lífinu til þess að gefa afslátt af þekkingu okkar og fagmennsku. Bifrestingar vilja láta slík tækifæri ónotuð.

Á Bifröst lærum við líka að bera virðingu hvert fyrir öðru og að nýta okkur styrkleika hvers annars. Í stjórnunarfræðum er fjallað um hvernig fólk er mismunandi og oft skilgreinum við ákveðnar erkitýpur. Með því erum við að spá í hvar hæfileikar fólks liggja. Reglulega stíga fram spekingar í fræðunum sem koma með nýja flokkun af erkitýpum og hvetja stjórnendur til að átta sig á því hvernig einstakir samstarfsmenn flokkast eftir hinu nýja flokkunarkerfi og nýta það sem stjórnunartæki.

Í raun snýst málið um að enginn einn einstaklingur getur verið gæddur öllum þeim góðu eiginleikum sem þarf til þess að fyrirtæki eða stofnun gangi vel og vaxi og dafni. Þess vegna þarf að raða saman fólki með ólíka hæfileika. Finna út hver besta blandan er af fólki og hæfileikum til að ná árangri. Þegar nemendur vinna í hópverkefnum eins og misserisverkefnum hér á Bifröst er það einmitt til þess fallið að kenna fólki með ólíka hæfileika að vinna saman. Mörgum finnst þeim vera hent illa syndum út í djúpu laugina. Langflestir læra þó sundtökin og uppskera launin sem betri mannþekkingarar bæði á sjálfa sig og aðra.

Uppáhalds flokkunarkerfið mitt greinir fjórar erkitýpur af fólki. Fyrsta erkitýpan er stefnumótandinn. Það er fólkið með sýnina, fólkið sem horfir til framtíðarinnar, fólkið sem sér möguleikana og tækifærin. Þetta fólk er nauðsynlegt í hverju fyrirtæki eða stofnun. Sannir leiðtogar. En stundum þurfum við líka að passa okkur því að sumir vilja festast í endalausri stefnumótun, fá nýja hugmynd á hverjum degi og koma engu í verk. Það getur verið stutt á milli leiðtogans og draumóramannsins.

Þess vegna þurfum við líka næstu erkitýpu sem er framkvæmdamaðurinn. Það er fólkið sem gerir hlutina, lætur sér ekkert fyrir brjósti brenna, hræðist ekki hindranir, tekur ekki nei fyrir svar og lætur verkin tala. Góður framkvæmdamaðurinn hefur verksvit, drífur fólk með sér og er frábær skipuleggjandi. En þetta fólk er ekki heldur

fullkomið, því hættir til að böðlast áfram og sjást ekki fyrir, eyðileggur kannski meira en það skemmir segjum við stundum vegna þess að hamagangurinn skilar minna en engu þegar upp er staðið. Framkvæmdamaðurinn þolir illa að vera stoppaður af.

Þá kemur til skjalanna næsta erkitýpan, stjórnmalamaðurinn. Hann er maður sátta og skapar frið í kringum sig. Hann kann að tala við fólk og finna lausnir til að leysa málin þegar eitthvað bjátar á. Hann heldur fólkinu saman þegar allt er uppíloft. Stjórnmalamaðurinn hefur áhuga á fólki, veit hver er skyldur hverjum, hvaða tengsl eru milli fólks og jafnvel hver heldur við hvern. En það getur líka verið galli á gjöf Njarðar. Stjórnmalamaðurinn nær oft aðeins sáttt um að gera ekki neitt, halda óbreyttu ástandi til að halda sem flestum góðum. Það er líka hægt að þreyta alla með endalausum fundum og tali meðan ekkert er gert til að taka á málum.

Fjórða og síðasta erkitýpan er svo baunateljarinn eða nákvæmnismaðurinn sem heldur utanum öll smáatriði sem hinum erkitýpunum hættir til að sjást yfir. Hann minnir okkur á að hlutirnir kosta og að allt þarf að koma út í plús og hefur tilfinningu fyrir öllum litlu hlutum sem þurfa að vera í lagi. Hann hefur sérstaka tilfinningu fyrir lágum upphæðum. Það er nákvæmnismaðurinn sem vill að það sé snyrtilegt á kaffistofunni eða að skrifborð fyllist ekki af óröðuðum pappírurum. Ekkert fyrirtæki eða stofnun fær þrifist án nákvæmnismanns. En hann er sjaldnast góður yfirmaður. Hann sér ekki alltaf skóginn fyrir trjánnum. Oft á hann erfitt með að fjalla um stórar fjárhæðir og stórar ákvarðanir vegna

Þess að honum líður illa með áhættu. Allt þarf að vera fyrirsjáanlegt. Málamiðlanir eru honum ekki eiginlegar. Hann hefur stærðfræðina í blóðinu þar sem bara ein útkoma kemur út úr hverju dæmi, hin eina rétta. Því getur skapast mikil óánægja í kringum nákvæmnismanninn þegar hann fær að ráða of miklu.

Gott fyrirtæki eða stofnun þarf á öllum þessum erkitýpum að halda og raða þeim saman í réttum hlutföllum í rétt störf. Nýta kostina og styrkleikana en aftengja gallana. Þannig næst árangur. Flestir einstaklingar eru blanda af fleiri en einni erkitýpu, kannski tveimur eða þremur. En ég hef ennþá engan hitt sem sameinar í sjálfum sér svo vel sé þá kosti sem allar fjórar erkitýpunar hafa á góðum degi.

Já, hér í Háskólanum á Bifröst lærum við um þetta allt saman, hvernig við getum gert sem mest úr hæfileikum okkar og notið þess að vinna með öðrum. Hingað koma fjölbreyttir einstaklingar með margvíslegan bakgrunn. Skólinn er vettvangur til þess að bræða okkur öll saman, því að sem hópur fáum við miklu meira áorkað en sem einstaklingar hver um sig. Og Háskólinn á Bifröst vill einmitt taka á móti ólíkum einstaklingum sem ekki eru endilega sniðnir eftir uppskriftum eða stöðlum. Það er hér sem samvinnan blívur.

Ég rifja oft upp í þessu sambandi sögu af góðum vini mínum sem var á svipuðu reki og ég á Króknum í gamla daga. Hann var ekkert sérstaklega fyrir bókina eins og sagt var í þá daga og nú á tímum hefði hann sjálfsagt verið greindur í tætlur og gefið lyf. Einu sinni var hann tekinn upp í skólaljóðum og

kennarinn bað hann um að fara með erindi úr Skúlaskeiði sem allir krakkar þurftu að læra á þeim tíma. Hann gat ekki vikist undan þessu fremur en aðrir þrátt fyrir að vera minna en þaullesinn í kvæðinu. Svarið var svona:

Þeir eltu hann á átta hófahreinum
og aðra tvenna höfðu þeir til vara
En Skúli gamli sat á Sörla einum
og vissi ekkert hvert hann var að fara

Það verður nú að segja kennaranum á Króknum til hróss að hann var ekki meiri nákvæmni maður en svo að hann hleypti stráknum í gegn með þetta svar enda var það alla vega svo snilldarlegt að ég man það ennþá en ekki neitt úr upphaflega kvæðinu. Af stráknum er svo það að fréttu að fyrir utan að giftast náfrænku minni reyndist hann feykilega öflugur verktaki þegar hann fór að vinna fyrir sér. Ef reisa þurfti hús á fjallatoppum, leggja út grjótgarða eða byggja vegi við erfiðar aðstæður var hann rétti maðurinn í verkið. Hann varð sannur framkvæmdamaður og það stóð fátt fyrir honum.

Þá vaknar spurningin. Skyldi Háskólinn á Bifröst geta kennt svona manni eitthvað ef hann kæmi í skólann? Ætti það ekki að vera markmiðið? Hann þurfti vissulega að leita til annarra einstaklinga með aðra hæfileika. Ég veit alla vega að hann gat stundum notað aðstoð frá góðum stjórnámamanni. En

skólinn vill geta tekið á móti öflugu fólki sem hefur ekki alltaf farið hefðbundnustu leiðirnar og verið vettvangur til þess að búa til alvöru grunn og stökkpall inn í framtíðina. Og með því að fá inn fjölbreyttan hóp nemenda erum við líka að skapa einstakt tækifæri fyrir þá sem fara hinar hefðbundnu leiðir í gegnum skólakerfið.

Bifrastarblandan af ólíkum einstaklingum í hópi nemenda, kennara og annars starfsfólks skólans er einmitt það sem býr til Bifrastarglampann, helsta vörumerki skólans.

Bifrastarglampinn lifir í augum allra þeirra sem hafa verið í Háskólanum á Bifröst og rifja upp tíma sinn hér í skólanum. Það er hlutverk okkar sem nú erum hér í skólanum að gæta þess að Bifrastarglampinn lifi áfram og að þið ágætu útskriftarnemar getið látið hann skína með miklu stolti.

Ágætu Bifrestingar og gestir.

Við höfum öll fylgst með heitum umræðum um menntamál á undanförnum misserum. Fjallað er um gæði íslenskra skóla, stöðu kennara og fjárhag skólastofnana. Það er ekkert leyndarmál að rekstur skóla er almennt erfiður og rekstur Háskólans á Bifröst sker sig ekki úr að því leyti. Skólinn hefur verið í varnarstöðu undanfarin ár. Sl. vetur var tekin ákvörðun um stóra sóknaraðgerð með því að fella niður skólagjöld í aðfararnáminu og taka upp innritunargjald. Það hafði í för með sér mikla fjölgun í Háskólagáttinni. Ljóst er að ekki verður snúið til fyrra horfs á ný þótt skólinn hafi ekki

bolmagn til að innheimta jafn lágar upphæðir í Háskólagáttina og á líðandi skólaári.

Í hnotskurn má segja að lækkun á framlagi ríkisins til rekstrar skólans hafi lækkað milli ára um sem svarar til rúmlega 10% af veltu. Það er því ærið verkefni að ná endum saman. Það verður hins vegar ekki gert með því að leggjast í vörn. Út úr slíku kemur ekkert annað en óskipulegt undanhald og ósjálfbær rekstur. Allt skólastarfið nú miðast því við hverja sóknaraðgerðina eftir aðra. Við Bifrestingar ætlum ekki að láta kveða okkur í kútinn og við höfum trú á verkefninu. Við munum vaxa út úr vandanum.

Stór hópur innan skólans undir forystu Önnu Elísabetar Ólafsdóttur, aðstoðarrektors, hefur unnið stórvirki í endurskipulagningu á kennslunni næsta vetur. Innleidd verður lotukennsla sem skapar möguleika á stórbættri þjónustu bæði við staðnema og fjarnema. Við munum taka upp nýja línu í matvælaekstrarfræði og við höfum fengið sérstaklega góð viðbrögð við þeim áformum. Við munum setja af stað tvær nýjar meistaranámslínur, í alþjóðlegri stjórnmálahagfræði og í forystu og stjórnun. Rannsóknir við skólann eru að stóreflast. Við ætlum að snúa tapi á ferðaþjónusturekstri í hagnað. Undirbúningur að sýningu um íslenskt atvinnulíf er í fullum gangi en hún opnar í sumar. Sýningin opnar skólann fyrir almenningi og ferðafólki og styrkir hann þannig til lengri tíma.

Við horfum til framtíðarinnar í dag. Við fögnum. Ágætu útskriftarnemar. Þið eruð okkar fólk. Þið sýnduð okkur traust með því að velja skólann. Við vonum að okkur hafi tekist að auka þekkingu ykkar og þroska. Smita ykkur af metnaði fyrir ykkar hönd ykkar sjálfra, fjölskyldna ykkar og samfélagsins en bólusetja ykkur fyrir græðgi. Háskólinn á Bifröst hefur enga betri til að kynna skólann og efla hróður hans en ykkur. Nú setjum við traust okkar á ykkur. Við heitum á ykkur að leggja ykkar af mörkum til fjölskyldna ykkar, í störfum ykkar og til samfélagsins.

Ykkar verk eru okkar einkunn. Um leið og við útskrifum ykkur biðjum við fyrir velgengni ykkar og velferð. Hér á Bifröst finnið þið alltaf vináttu og góðar óskir á þeirri vegferð sem þið veljið ykkur.

Gangi ykkur vel.